

**RÁÐSTEFNA NÁMSBRAUTAR Í TÓMSTUNDAFRÆÐI**

# **MIKILVÆGIR AÐRIR Í LÍFI FÓLKS - 25 ÁRA AFMÆLI NÁMSLEIÐAR**

**27. mars**

**Kl. 09.30 - 14.30**

**SAGA, Stofa S-114**

**VERIÐ ÖLL VELKOMIN**

Tómstundadagurinn  
2026

KYNÞÁTTA- OG  
MENNINGARFORDÓMAR Í  
DAGLEGU LÍFI UNGS FÓLKS



Sema Erla Serdaroglu  
Aðjúnkt

Föstudaginn 27. mars  
Klukkan 9.30 - 14.30

Sögu - Menntavísindasviði Háskóla Íslands

# Kynþátta- og menningarfordómar í daglegu lífi ungs fólks

Tómstundadagurinn

Sema Erla Serdaroglu, aðjúnkt

[sema@hi.is](mailto:sema@hi.is)

## Kynþátta- og menningarfordómar

- Í grunninn fela kynþáttafordómar í sér þá hugmynd að mannkynið skiptist í kynþætti eða kynstofna sem áberandi munur er á.
- Sá munur á til dæmis að felast í greind, hæfileikum, hegðun, hneigð og öðrum þáttum sem eru álitnir náttúrulegir, eðlislægir og óbreytanlegir.
- Slíkir þættir eru svo notaðir til þess aðgreina einn kynþátt frá öðrum og greina með því á milli hins æðri kynþáttar og þeirra sem eru taldir óæðri og litið er niður á.
- Einstaklingar og hópar eru síðan fyrst og fremst metnir út frá þeim kynþætti sem þeir eru taldir tilheyra og þeim einkennum sem hópurinn er talinn hafa (Berglind Eygló Jónsdóttir, 2010; Hartigan, 1997; Rodat, 2017).
- Slík flokkun á fólki í kynþætti er vísindalega gölluð. Rannsóknir hafa sýnt fram á að mannkynið skiptist ekki í kynstofna eða kynþætti (Berglind Eygló Jónsdóttir, 2010).
- Það er hins vegar mikilvægt að gera sér grein fyrir því að kynþáttur er til, sem félagsleg sköpun, sem hefur meðal annars félagsleg, efnahagsleg og menningarlegar áhrif á líf, veruleika og stöðu fólks. Um er að ræða félagslega flokkun sem mikilvægt er að vera meðvituð um því hún ýtir undir fordóma og mismunun (Grosfoguel, 2016).

## Kynþátta- og menningarfordómar

- Menningarfordómar fela það í sér að til viðbótar við líffræðilega flokkun á fólki er áhersla lögð á menningarlega og þjóðernislega þætti til þess að aðgreina fólk í hópa sem eðlislægur munur er talinn vera á.
- Í stað þess, eða til viðbótar við, að kynþættir séu notaðir til þess að draga fram mun á fólki eru menningarlegir og þjóðernislegir þættir eins og uppruni, menning, trúarbrögð, tungumál, hefðir og/eða venjur, notaðir til þess að upphefja ákveðnar þjóðir og menningarhópa á kostnað þeirra sem eru taldir óæðri og óæskilegir (Berglind Eygló Jónsdóttir, 2010; Rodat 2017).
- Þær hugmyndir sem liggja að baki kynþátta- og menningarfordómum eru settar fram í þeim tilgangi að jaðarsetja og aðskilja ákveðna einstaklinga og hópa frá þeim sem eru taldir hafa yfirburði vegna kynþáttar síns, þjóðernisuppruna og/eða menningu og fela í sér kerfisbundna valdabaráttu og eru notaðar til þess að réttlæta kúgun, ofbeldi, mismunun og skerðingu á mannréttindum ákveðinna einstaklinga og hópa (Grosfoguel, 2016; Rodat, 2017).

## Birtingarmyndir kynþátta- og menningarfordóma

Kynþátta- og menningarfordómar (e. racial and ethnic bias) og mismunun sem einkennist af slíkum fordómum birtist með margvíslegum hætti. Slíkir fordómar geta **verið einstaklingsbundnir**, stofnanabundnir og/eða kerfislægir (Trenerry o.fl., 2024).

Fordóma á einstaklings- og hópstigi má skilgreina sem hvers konar neikvæð viðhorf, tilfinningar, framkoma og/eða hegðun í garð einstaklinga eða hópa, sem byggja á hugmyndum um yfirburði og sérstöðu ákveðins kynþáttar, þjóðernisuppruna og/eða menningar. Slíkar hugmyndir byggja oft á neikvæðum staðalmyndum og eru settar fram til þess að greina á milli hins meinta æðri kynþáttar og þjóðernisuppruna og þeirra sem eru óæðri og litið er niður á.

## Birtingarmyndir kynþátta- og menningarfordóma

Algengar birtingarmyndir beinna kynþátta- og menningarfordóma eru áreiti, einelti, líkamlegt, andlegt og/eða munnlegt ofbeldi, útilokun og útskúfun, uppnefni, niðurlægjandi og fordómafullt orðalag og athugasemdir, kynþáttaníð, íslamófóbíu, kynferðislega áreitni, árásargirni, afmennskun, málfarsfordómar og yfirlætisfull og/eða dónaleg framkoma og hegðun (Allan o.fl., 2009; Deitch o.fl., 2003; Mostafa o.fl., 2025; Trenerry o.fl., 2024).

Óbeinir eða lúmskir kynþátta- og menningarfordómar birtast til dæmis í óvild í garð fólks, baktali, hunsun, öráreitni (fordómar í daglegum samskiptum og hegðun fólks) og því að forðast (samskipti við) fólk.

Þá er það þekkt birtingarmynd kynþátta- og menningarfordóma að þeir séu settir fram sem brandarar eða grín. Fordómarnir beinast þá til dæmis að uppruna fólks og byggja oft á neikvæðum staðalmyndum. Slíkir fordómar geta verið beinir eða óbeinir og geta verið jafn hættulegir og aðra birtingarmyndir slíkra fordóma. Fjöldi fræðafólks bendir á að þeir geta gegnt mikilvægu hlutverki í að festa í sessi aðrar birtingarmyndir fordóma og mismununar og menningu sem umber slíkt (Tsami og Skoura, 2021; Weaver, 2011).

# Rannsóknin mín

Rannsóknin er eigindleg viðtalsrannsókn sem byggir á samtölum við ungt fólk á aldrinum 18 – 25 ára sem hefur reynslu og upplifun af einelti sem byggist á kynþátta- og menningarfordómum.

Tekin voru djúpvíðtöl með hálf-stöðluðum viðtalsramma. Þátttakendur voru valdir samkvæmt sjálfbóðaliða- og tilgangsrúrtaki. Notast er við þemagreiningu Braun og Clarke (2006) við greiningu gagna.

## HEFUR ÞÚ UPPLIFAÐ EINELTI SEM EINKENNIST AF KYNÞÁTTA- OG/EÐA MENNINGARFORDÓMUM?

Ég leita að ungmennum á aldrinum 15 - 25 ára sem hafa reynslu af einelti þar sem kynþátta- og/eða menningarfordómar koma við sögu til þess að taka þátt í rannsókn.

Markmiðið með rannsókninni er að bera kennsl á birtingarmyndir eineltis sem byggir á kynþáttahyggju og/eða fordómum gagnvart þjóðernisuppruna, menningu og/eða trúarbrögðum í þeim tilgangi að móta og þróa forvarnir og inngríp í slíkt einelti á vettvangi skóla- og frítímastarfs.

Nánari upplýsingar  
[semaerla.is/rannsokn](http://semaerla.is/rannsokn)



Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í rannsókninni eða vilt fá frekari upplýsingar getur þú haft samband við ábyrgðaraðila rannsóknarinnar, Semu Erlu Serdaroglu, á netfangið [sema@hi.is](mailto:sema@hi.is), eða í síma 8228904.



Nú viðmælendur.

18 – 25 ára.

Vestur-Evrópa, Suðaustur og Mið-Evrópa, Vestur-Asía, Norður-Asía, Suðaustur Asía, Vestur-Asía, Austur-Asía, Norður-Asía, Norður-Afríka, lönd árbjóða (e. Indigenous peoples).

Trúleysi, kristin trú, kristinn rétttrúnaður, íslamstrú, shamanismi.

# Tilgangur og markmið





Markmiðið með rannsókninni er að bera kennsl á birtingarmyndir, tíðni og mögulegar afleiðingar eineltis sem byggir á kynþáttahyggju og/eða fordómum gagnvart þjóðernisuppruna, menningu og/eða trúarbrögðum og viðbrögð fullorðinna við því.

Tilgangurinn með rannsókninni er að auka þekkingu á þessari birtingarmynd eineltis og leggja grunninn að þróun gagnreyndra aðferða fyrir forvarnir og inngrip í slíkt einelti á vettvangi skóla- og frítímastarfs í þeim tilgangi að sporna gegn því og valdefla fagfólk á vettvangi til þess að grípa inn í slík mál í þeim tilgangi að leysa farsællega úr þeim.

Rannsóknin er fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og er mikilvæg viðbót við rannsóknir á fordómum, jaðarsetningu og einelti. Með rannsókninni er sköpuð ný þekking á sviði eineltisfræða sem hægt er að nýta til frekari þekkingaröflunar og rannsókna.

# Reynsla viðmælenda



## Uppruni, kynþáttur, húðlitur og útlit

- V1: „...og við vorum stundum vinkonurnar að lita og svona, ég.. þúst ég teikna mynd af þeim og þær af mér eða eitthvað svoleiðis... og þær notuðu svo dökkbrúnan, og þessi sami dökkbrúnn var svo notaður fyrir kúk.“
- V4: „...black boy. tala oft við mig á ensku, af því þau halda ég kunni ekki íslensku.“
- V3: „þúst.. það komu upp nokkur skipti upp eins og plís ekki sprengja mig upp eða eitthvað svoleiðis.“
- V8: „Ég var alveg, ég var alveg oft, eins og með þetta ISIS brandara og eitthvað, ég var alveg oft mjög sár og ég vissi ekki einu sinni hvað það var..“
- V9: „...krakkar myndu vera að pikka í mig af því að ég er frá X og alltaf þegar ég myndi koma með eitthvað öðruvísi, X í nesti og þannig, að þau myndu alltaf eitthvað til að segja... þeim fannst alltaf vera einhver skrýtin lykt.. þannig. Það var alltaf svona gert grín að mér fyrir það að vera með eitthvað skrýtið í nesti.“

## Uppruni, kynþáttur, húðlitur og útlit

- V9: „Já, pikka í mig þannig að þú myndu bara gera grín að mér, skiluru, ef að þú hefur, þú veist, bara gera létt grín, þú veist, toga í augnlokin, segja að ég sé með lítil augu og þannig.“
- V2: „V: Og líkamshárin hjá.. flestum íslensku stelpunum voru það ljós, þúst, eins og á fótunum.. það sást ekki, Og þúst, ég... var alltaf uppnefnd X loðfíll.. bara.. út af hárunum á fótunum á mér af því þau voru dökk.. umm og þúst,, ég var bara barn skiluru.“
- V7: „...gerði grín af þú veist okkar eftirnöfnum, gerði grín að okkar útliti.“
- V1: „...eins og ég hef alltaf verið mjög flink í höndunum. Mér hefur finnst gaman að þrjóna, teikna, alls konar svoleiðis (...) þá var alltaf sagt við mig, þetta eru X genin, þetta er af því að hún er frá X, þetta eru genin, þetta eru genunum að þakka.“
- V2: „...kemur með einhvern svona sprengjubrandara, bara við mig þegar ég er eitthvað einn að X, bara ógeðslega eitthvað svona skrytið.“

- V2: „Sko, ne, það voru líka strákar já sem voru að nota fullt af stríðnisnöfnun og eitthvað.“
- V8: „Já, ég upplifði það alveg mjög mikið (...) ég náttúrulega var ekki með íslenskt eftirnafn og eitthvað svona, og þá fékk ég miklar spurningar út í það, krakkarnir skildu það ekki heldur, af hverju ég var ekki dóttir og eitthvað svona.“
- V7: „Svo var ógeðslega oft gert grín að mínu eftirnafni, það var bara frekar eðlilegt, þetta var ógeðslega svona „easy spot“, ef einhverjum líkar ekki við mig að gera grín að eftirnafni mínu. Það var svona aðal, reyna að bera það fram vitlaust eða eitthvað svona sem að var alveg særandi smá.“
- V6: „Nei, en ég man að foreldrar hans nefndu alveg við, af því að hann kallaði mig alltaf xxxxxxxx, en xxxxxxxx er nafn sem er líka til.“
- V2: „...þegar kennarinn var í fyrsta skipti að lesa upp, af því ég vissi aldrei hvernig kennarinn myndi bera það fram og það var alltaf gert djók og fólk myndi bara fara að hlægja og eitthvað skiluru.“
- V9: „...þú ert með svo skrýtið miðjunafn, eitthvað bull. Þau myndu alltaf reyna að finna eitthvað til þess að tala um og gera eitthvað lítið úr því.“

## Félagsleg útskúfun

- V2: „... (hik) Já, ég var mjög útskúfuð umm.. ég var eiginlega aldrei boðin í afmæli... Þúst, mamma hefur oft hringt í einhverja foreldra, að fá þau til þess að.. bjóða mér í afmæli barnanna sinna. Umm.. ég.. þúst.. já, ég var mjög einmana sko.“
- V7: „...við vorum ekkert að, við vorum reyndar ekki með eitthvað vinkonur, eða „close” vinkonur til að bjóða í afmælið, þannig að..“
- V7: „eins og ég sagði, maður upplifir alveg smá „alienation” þannig séð, því þetta er svona ítrekað, þín bekkjarsystkini eru ekkert að tala við þig, þú ert einhver útlendingur, eða nánast einn útlendingur (...) þá er þetta ógeðslega einangrandi.“
- V2: „Einmitt, ég var alltaf valin síðust í lið.“
- V9: „...valið þig seinast í fótboltaleik eða svona, þú veist, kosið þig seinast.“
- V2: „þúst, það var oft sem ég var ein í hópverkefni“
- V7: „...ég allavegana upplifði mig ógeðslega einmanna.“


## Áhrif og afleiðingar...

Reiði, sorg og vanlíðan

Vantraust og óöryggi

Einmannaleiki

Félagsleg einangrun



## Áhrif og afleiðingar

- V2: „m-mjög mikið strítt.. umm og þúst, ég ber allar þessar setningar, þúst, ég man þetta allt.. (...) og ég mun alltaf muna þetta, skilurðu?“
- V8: „...og þegar ég var í sundklefanum þá fann ég mjög mikið fyrir því að krakkar... og jafnvel fullorðið fólk væri að stara á mig af því að ég var sú eina sem var ekki hvít inni í klefanum... og... þá hérna.. þetta varð bara til þess að ég hætti að fara í sund“
- V9: „...þú vissir að þú værir öðruvísi, já, og ég fékk þannig líka á tilfinningunni og ég hélt að, bara vó, er ég öðruvísi? Og ég hélt að ég þyrfti að hætta að vera öðruvísi, þess vegna var ég að reyna að skipta klæðnaburð og þú veist, bara koma með venjulegt nesti“
- V2: „Þetta er alveg eitthvað sem að snertir mann djúpt og... þúst, sem barn að upplifa.. að.. maður.. fitti ekki inn, eða.. að... maður.. já, bara.. sé ekki velkomin er.. þúst, ótrúlega sársaukafull upplifun.“
- V5: „Ég bý yfir rosalega mikilli reiði yfir því sem hefur komið fyrir mig.“
- V4: „út að...(andar djúpt), þetta er eitt sem (þögn) uh.. race-ism hefur áhrif á, ég hef ekki lært að.. treysta vel fólki.“

## Áhrif og afleiðingar

- V2: „en ein af ástæðunum fyrir því að ég hef gert mig svona upptekna er líka bara til þess að líða vel, af því að þá er ég ekki með hugsununum mínum og með þessum reynslum, skiluru?“
- V4: „Ég ætla bara að vera hreinskilinn.. Ég væri ekki.. ég hef ekki.. hmm.. In a way, þá myndi ég örugglega vera bjartari persóna en ég er núna.. ef þetta hefði ekki verið, ég væri önnur persóna núna..“
- „V7: Sko, já, örugglega, mikið af þeim áhugamálum sem ég hef og félögum og námið mitt hefur náttúrulega mikið að gera með bara það sem ég er pirruð út í, eða þú veist, ég er náttúrulega, já, ég veit ekki hvort að ég hefði farið í sama nám ef ég hefði ekki hugsað út í svona.“
- V4: „Ég hef aldrei verið safe to be honest...“
- V5: „Það sem gerist, er að þú breytir öllu þínu, svona hinu daglega lífi. Svo já, það sem gerðist er að ég hætti að fara í ræktina.. ég hætti að fara í ... sund, ég hætti öllu sem getur haft jákvæð áhrif á geðheilsu mína, skiluru. Ég hætti að fara út, á kaffihús... ég fjarlægði mig algjörlega frá íslensku samfélagi og mér líður betur þannig.. svo þetta hefur skapað algjöran aðskilnað á milli mín og heimsins og eitthvað svoleiðis, það særði mig mjög mjög mikið þegar ég sagði það loksins upphátt við einhvern...“

## Efasemdir um sjálfsmynd og eigið sjálf

- V6: „Já, ég bara, eins og margir aðrir ungir einstaklingar dæmi sjálfan mig og maður er með svona, það getur tekið á sig alls konar birtingarmyndir, stundum að maður sé ekki svona, nú er ég bara að hugsa upphátt, að maður sé ekki 100 % eins og samfélagið vill hafa mann...
- ...og líka bara svona, af því að maður, mér finnst ég vera að standa mig nokkurn veginn vel í lífinu en ég fæ samt svona tilfinningu að maður sé ekki alveg svona, þetta er svona sem maður er sjálfur að hugsa, bara að maður sé ekki alveg 100% eins og fólk vill hafa mann og líka, þú veist að það sé að einhverju leyti neikvætt að maður sé hálfur frá X, bara sem dæmi.“
- V6: „Já, bara af því að ég tilheyri hóp sem að í mörgum löndum, vegna stjórnvalda, er að hafa mjög neikvæð áhrif á samfélagið.“
- S: Hver er tilfinningin sem verður til hjá þér?
- V6: Já, ég er meðal annars frá þessum hóp.
- V6: Ég myndi segja að ég upplifi, já, að einhverju leyti skömm og svona eins og ég sé, eins og þetta sé ekki alveg svona rétt einhvern veginn.“

## Efasemdir um eigið sjálf

- V1: ...já það sem að mér fannst áhugavert sem að ég er nýlega farin að hugsa um, ég var kölluð X svo oft að ég fór að hugsa um orðið X sem blótsyrði og að þetta var orðið þannig að ég hlustaði á fréttir og það var verið að tala um bara pólitík út í X, X gerðu þetta, þá fannst mér svona „já, það er verið að blóta, hvers vegna er fréttamaðurinn að blóta?”
- V1: ...og þetta var líka, ég man eftir að mér hafi liðið svona í skólanum þegar við vorum að læra um trúarbrögð og það var verið að tala um X og var verið að tala um já, X, X, X, þá hugsaði ég, „já, það er verið að tala slæmt um mig núna þegar það er verið að nota X, af því að ég var kölluð X þá, ég fór að tengja þetta við allt, þetta var það sama og að vera kölluð hálfviti og aumingi fyrir mér.

## Hin mikilvægu önnur í lífi ungs fólks

- Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á að samband einstaklings við foreldra og jafningja eru þau mikilvægustu og áhrifamestu á unglingsárunum. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að stór hluti ungs fólks á í **þýðingarmiklu sambandi við að minnsta kosti einn fullorðinn einstakling sem stendur utan fjölskyldu hans**. Slíkir einstaklingar teljast til annarra mikilvægra fullorðinna í lífi unga fólksins (Beam o.fl., 2002; Haddad o.fl., 2011).
- Áhrifin af slíkum samböndum geta verið margvísleg en rannsóknir benda til þess aðslík sambönd hafi jákvæð áhrif á félagslegan og tilfinningalegan þroska einstaklingsins, vellíðan hans og mótun (Beam o.fl., 2002; Chang o.fl., 2010; Haddad o.fl., 2011). Slík sambönd stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og góðu sjálfsáliti hjá einstaklingnum og getur úr einkennum þunglyndis og depurðar (Greenberger o.fl., 1998; DuBois og Silverthorn, 2005; Haddad o.fl., 2011).
- Hinir mikilvægu aðrir eru meðal annars einstaklingar sem starfa með ungu fólki í skipulögðu tómstundastarfi (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017; Erwin, 2016; López og Pašić, 2018). Þeir sem starfa með ungu fólki í tómstundastarfi geta því haft mikil áhrif á líf þeirra sem taka þátt í starfinu og mótun þeirra og þroska sem einstaklings (Eygló Rúnarsdóttir, 2011; López og Pašić, 2018). Kennarar eru aðrir mikilvægir aðrir í lífi ungs fólks.

## Hin mikilvægu önnur

- V8: ...ég man bara eftir því til dæmis þegar að, aftur með þessa kirkju, að þá voru, þetta var ekki, þegar við vorum að fara í kirkjuna, þá voru að koma einhverjir tveir prestar í skólann, með biblíuna, þá man ég að kennarinn kom og bara „XXXX, viltu ekki fara og setjast af því að, við erum með svona hópaherbergi, og var að spyrja mig „viltu ekki fara bara núna áður en þau koma og setjast þarna” og ég var bara, af hverju? Þú veist, ég skildi það ekki og kennarinn útskýrði ekki neitt fyrir mér og var bara, oh, ég hélt bara að þú vildir ekki vera með. Og ég var bara, ég bara án djóks skildi ekki af hverju. Af því að ég var 11 ára og eitthvað, ég man allavega mjög vel eftir þessu.“
- V1: ...ég man ekkert sem á að hafa gerst þar á eftir, en svo man ég eftir að hafa reynt að segja þetta í foreldraviðtali og það var bara, „já, þú lést okkur vita svo seint”. „Ef þú hefðir sagt okkur þetta fyrr þá hefðum við getað gert eitthvað en af því að þú sagðir okkur ekki fyrr, og hann er búinn að fara í þetta viðtal og þá getum við ekki gert neitt.”
- S: En það er aldrei neinn kennari til að grípa inn í? V9: „Nei, af því að ég held að líka að ég hætti að segja frá því að því ég sagði í fyrsta skipti svona í öðrum bekk, eða eitthvað og svo bara hætti ég alveg að reyna.

## Hin mikilvægu önnur

- V2: „...en frábærir umsjónarkennarar. Það var eiginlega eina fólkið sem ég myndi kalla vini mína hehe.
- V2: „...var oft eftir, eftir tíma að spjalla eða.. ég var alveg á þeim stað með sumum kennurum að ég óvart.. einhvern tímann kallaði einn af þeim mömmu mína, bara af því að þúst.. mér þótti bara mjög vænt um þau og mér fannst þau einhvern veginn, það var, þúst.. skólinn var svolítið griðastaður. Það er mjög skrytið að segja, en skólinn var svolítið griðastaðurinn minn, en ekki krakkarnir..“
- V6: ...“Já, það var alveg kennari sem nefndi það við vini mína og sagði eitthvað svona, ég veit að þið eruð vinahópur, nánir, en bara svona, það var alveg kennari sem nefndi það. Þannig að þetta hefur klárlega verið þannig séð í gangi.“
- V3: ...“ekki í grunnskóla reyndar, þar var ég örugglega bara með bestu kennara sem ég gat fengið.“
- V4: „...allir kennarnir mínir. S: okei.. þú treystir þeim? V4: traust er stórt orð yfir því en.. ég get... S: Þú getur leitað til þeirra.. V4: já.